

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. nóvember 2009 í máli nr. S-2008/2008:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi)

gegn

Eysteini Gunnari Guðmundssyni

(Jón Einar Jakobsson hrl.)

Stefáni Erni Stefánssyni og

(Unnar Steinn Bjarndal hdl.)

Hlöðver Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ár 2009, þriðjudaginn 3. nóvember 2009, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 2008/2008: Ákærvaldið gegn Eysteini Gunnari Guðmundssyni, Stefáni Erni Stefánssyni og Hlöðver Ólafssyni, sem tekið var til dóms þann 12. október sl., að lokinni aðalmeðferð 12. október sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 19. desember 2008, á hendur ákærðu Eysteini Gunnari Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Engjaseli 86, Reykjavík, Stefáni Erni Stefánssyni, kt. 000000-0000, Réttarheiði 29, Hveragerði og Hlöðver Ólafssyni, kt. 000000-0000, Hvassnesi, Mosfellsbæ, fyrir eftirtalin meiri háttar brot gegn skattalögum og almennum hegningarlögum:

I

Á hendur ákærða Eysteini Gunnari, fyrir brot í starfi sínu sem framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins SK-Smáverks, kt. 000000-0000:

1. Með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattskýrslum og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins árið 2002, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 1.604.798, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vantalin skattskyld velta:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>
september-október	kr. 4.387.567	kr. 521.136
nóvember-december	<u>kr. 5.587.185</u>	<u>kr. 1.083.662</u>
	kr. 9.974.752	kr. 1.604.798

2. Með því að hafa skilað röngum skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins árið 2002, samtals að fjárhæð kr. 2.117.282, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
september	kr. 100.300
október	kr. 771.018
nóvember	<u>kr. 1.245.964</u>
Samtals:	kr. 2.117.282

3. Með því að hafa ekki staðið skil á skattframtali félagsins gjaldárið 2003 vegna tekjuársins 2002 og þannig ekki talið fram til skatts fjármuni sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003,

sbr. áður lög nr. 75/1981, og með þessu komið sér undan greiðslu tekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 945.614,- sem sundurliðast sem hér greinir:

Rekstrartekjur: kr.
18.113.129

Möguleg rekstrargjöld skv. gögnum: kr.
9.409.715

Vantalinn tekjuskattsstofn: kr.
8.703.414

Áætlaður tekjuskattsstofn ásamt álagi: kr. -
3.450.000

Vantalinn tekjuskattsstofn: kr.
5.253.414

Vangreiddur tekjuskattur, tekjuskattsprósenta 18% kr.
945.614

4. Með því að hafa látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald og vanrækt að varðveita bókhaldsgögn vegna rekstrar félagsins árið 2002.

II

Á hendur ákærðu Stefáni Erni og Eysteini Gunnari fyrir brot framin í rekstri einkahlutafélagsins Eystrasaltsviðskipta, ákærða Eysteini Gunnari sem daglegum stjórnanda félagsins, eiganda og fyrirsvarsmanni og ákærða Stefáni Erni sem skráðum framkvæmdastjóra þess:

1. Með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins árið 2001, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 12.260.151, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vanframtalin skattskyld velta:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>		<i>Vantalin skattskyld velta:</i>
Mars-apríl	kr. 8.234.449	kr. 1.812.309		kr. 1.812.309
Mái-júní	kr. 8.312.246	kr. 1.889.657		kr. 1.889.657
Júlí-ágúst	kr. 11.766.246	kr. 2.583.864		kr. 2.583.864
September-október	kr. 16.380.662	kr. 3.687.778		kr. 3.687.778
Nóvember- desember	kr. 10.094.217	kr. 2.286.543		kr. 2.286.543
	kr. 54.787.820	kr. 12.260.151		kr. 12.260.151

2. Með því að hafa ekki staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda öll tímabil ársins 2001, að undanskildu 4. tímabili, en hafa þá skilað efnislega rangri skilagrein, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna sömu tímabila, samtals að fjárhæð kr. 9.220.330, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>
janúar	kr. 317.212
febrúar	kr. 160.615
mars	kr. 709.101
apríl	kr. 663.501
maí	kr. 237.116
júní	kr. 1.231.152

júlí	kr.	495.511
ágúst	kr.	1.597.320
september	kr.	1.129.142
október	kr.	1.365.002
nóvember	kr.	615.735
desember	<u>kr.</u>	<u>698.923</u>
Samtals:	kr.	9.220.330

3. Með því að hafa ekki staðið skil á skattframtali félagsins gjaldárið 2002 vegna tekjuársins 2001 og þannig ekki talið fram til skatts fjármuni sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, og með þessu komið sér undan greiðslu tekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 12.319.370,- sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Rekstrartekjur:</i> 57.734.013	kr.	
<i>Möguleg rekstrargjöld skv. gögnum:</i> <u>5.169.444</u>	<u>kr.</u>	
<i>Vantalinn tekjuskattsstofn:</i> 52.564.569	kr.	
<i>Áætlaður tekjuskattsstofn ásamt álagi:</i> <u>11.500.000</u>	kr.	-
<i>Vantalinn tekjuskattsstofn:</i> 41.064.569	kr.	
Vangreiddur tekjuskattur, tekjuskattsprósenta 30% 12.319.370	kr.	

4. Með því að hafa látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald og vanrækt að varðveita bókhaldsgögn vegna rekstrar félagsins árið 2001.

III

Á hendur ákærðu Hlöðveri og Eysteini Gunnari fyrir brot framin í rekstri einkahlutafélagsins Perlunnar, ákærða Eysteini Gunnari sem daglegum stjórnanda félagsins, eiganda og fyrirsvarsmanni og ákærða Hlöðveri sem framkvæmdastjóra þess frá janúar og fram í maí 2004:

1. Með því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins árið 2004, í samræmi við fyrirmæli í IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 5.830.896, og sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>	<i>Vanframtalín Skattskyld velta:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>		<i>Vantalin skattskyld velta:</i>
Janúar-febrúar	kr. 321.285	kr. - 172.903		kr. 1.812.309
Mars-apríl	kr. 2.453.359	kr. - 1.493.036		kr. 1.889.657
Maí-júní	kr. 10.226.010	kr. 1.429.078		kr. 2.583.864
Júlí-ágúst	kr. 15.206.031	kr. 2.960.961		kr. 3.687.778
September-október	kr. 11.194.936	kr. 1.882.277		<u>kr. 2.286.543</u>
Nóvember- desember	<u>kr. 5.766.624</u>	<u>kr. 1.224.519</u>		kr. 12.260.151
	kr. 45.168.245	kr. 5.830.896		

2. Með því að hafa ekki staðið skil á skattframtali félagsins gjaldárið 2005 vegna tekjuársins 2004 og þannig ekki talið fram til skatts fjármuni sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. áður lög nr. 75/1981, og með þessu komið sér undan greiðslu tekjuskatts samtals að fjárhæð kr. 3.455.290,- sem sundurliðast sem hér greinir:

Rekstrartekjur: kr.
45.168.245

Möguleg rekstrargjöld skv. gögnum: kr.
21.372.188

Vantalinn tekjuskattsstofn: kr.
23.796.057

Áætlaður tekjuskattsstofn ásamt álagi: kr. -
4.600.000

Vantalinn tekjuskattsstofn: kr.
19.196.057

Vangreiddur tekjuskattur, tekjuskattsprósenta 18% kr.
3.455.290

3. Með því að hafa látið undir höfuð leggjast að færa lögboðið bókhald og vanrækt að varðveita bókhaldsgögn vegna rekstrar félagsins árið 2004.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 1., 2. og 3. tölulið kafla I, II og 1. og 2. tölulið kafla III í ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið I., II. og III. kafla ákæru.

b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið I. og II. kafla ákæru.

c) 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt nr. 90, 2003, sbr. áður 2. og 6. mgr. 107. gr. eldri laga nr. 75, 1981 um tekjuskatt- og eignarskatt, að því er varðar 3. tölulið I. og

II. kafla ákæru og 2. tölulið III. kafla ákæru.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 4. tölulið I. og II. kafla ákæru og 3. tölulið III. kafla ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995.

Er þess af hálfu ákæruvalds krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreind brot. Við flutning málsins fyrir dómi krafðist sækjandi þess jafnframt að ákærðu yrðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða Eysteins Gunnars krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af ákæru og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun fyrir héraðsdómi og þóknun verjanda við rannsókn málsins, en að öðrum kosti hljóti ákærði svo væga refsingu sem lög framast leyfa og sakarkostnaði verði skipt.

Verjandi ákærða Stefáns Arnar krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af öllum ákæruatriðum, en til vara að refsing verði felld niður vegna þeirra ákæruatriða sem sakfelld er fyrir, ákvörðun um refsingu frestað eða refsing ákvörðuð eins væg og lög leyfa og verði þá jafnframt öll skilorðsbundin. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Hlöðvers krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu, en til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing lögum samkvæmt, sem jafnframt verði skilorðsbundin. Jafnframt að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun.

Ákærufli I. SK Smáverk ehf.

Málsatvik

Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, dagsettu 20. apríl 2007, var máli ákærðu vísað til opinberrar rannsóknar á grundvelli gagna um rannsókn á bókhaldi og skattskilum SK Smáverks ehf., Eyrstrasaltsviðskipta ehf. og Perlunnar ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 9. september 2004 var SK-Smáverk ehf. úrskurðað gjaldþrota.

Í kæru skattrannsóknarstjóra kemur fram að tilefni rannsóknar hafi verið ábending frá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi, dagsett 7. mars 2005, þar sem kom m.a. fram að forráðamaður félagsins, ákærði Eysteinn Gunnar, stundaði einhvers konar starfsmannaleigu. Hefði hann haft Litháa í vinnu sem ýmist unnu fyrir félagið eða voru leigðir til annarra félaga fyrir tiltekna þóknun. Hvorki hefðu verið staðin skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda né tryggingargjaldi vegna starfa þessara manna. Formleg rannsókn hefði hafist 12. maí 2005 með því að starfsmenn

skattrannsóknarstjóra afhentu ritara SK Smáverks ehf. tilkynningu þar um. Síðar hefði verið haft samband við skiptastjóra þrotabúsins og þess óskað að hann afhenti skattrannsóknarstjóra bókhaldsgögn vegna starfsemi félagsins. Hefði skiptastjóri sagst aldrei hafa náð sambandi við forráðamann félagsins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og hefði hann þar af leiðandi aldrei fengið bókhaldið í sínar hendur. Þann 19. maí 2005 hefði verið haft samband við fyrrum forráðamann félagsins, ákærða Eysteinn Gunnar, og þess óskað að hann afhenti skattrannsóknarstjóra bókhaldsgögnin. Þann 24. maí 2005 hefði ákærði afhent fimm bókhaldsmöppur félagsins vegna rekstrarársins 2002.

Meðal gagna málsins er tilkynning til hlutafélagsskrár, dagsett 20. mars 2002, um stofnun SK Smáverks ehf. Kemur þar fram að tilgangur félagsins sé rekstur trésmiðju og önnur tengd starfsemi, verktakastarfsemi, heildsala, smásala og tengdur rekstur. Var Smári Hólm Kristófersson skráður stjórnarformaður félagsins frá stofnun, en Sigríður Ragnarsdóttir skráð í varastjórn og með prókúru. Þá er í gögnum málsins tilkynning til hlutafélagaskrár, dagsett 26. ágúst 2002, undirrituð af ákærða Eysteini Gunnari, þar sem kemur fram að á hluthafafundi í félaginu sem haldinn hefði verið þann 8. sama mánaðar, hefðu verið samþykktar þær breytingar að úr stjórn gengi Sigríður Ragnarsdóttir. Hefði ákærði verið kosinn nýr stjórnarmaður með prókúru og Smári Hólm Kristófersson kosinn varamaður í stjórn. Þá liggur fyrir skjal, dagsett 9. ágúst 2002, þar sem kemur fram að samkomulag hafi tekist á milli Smára Kristóferssonar og Sigríðar Ragnarsdóttur um að þau selji ákærða hlut sinn í félaginu og sé það nú þeim algjörlega óviðkomandi. Ber samkomulagið undirritun þeirra þriggja. Á skjalið hefur verið handrituð athugasemd um að Smári láti af starfi framkvæmdastjóra og er athugasemdin merkt upphafsstöfunum SK. Samkvæmt vottorði úr fyrirtækjaskrá, dagsettu 2. ágúst 2007, var stjórn félagsins frá 8. ágúst 2002 skipuð ákærða Eysteini Gunnari sem stjórnarmanni og prókúruhafa, en Smára Hólm Kristóferssyni sem varamanni. Ekki var skráður framkvæmdastjóri hjá félaginu.

Samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra voru helstu niðurstöður rannsóknar á bókhaldi og skattskilum SK Smáverks ehf. þær að vanrækt hefði verið fyrir hönd skattaðila að standa skil á skattframtali ásamt lögboðnum fylgigögnum fyrir gjaldárið 2003 vegna rekstrarársins 2002. Rekstrartekjur væru vanframtaldar vegna rekstrarársins 2002. Þá hefði verið vanrækt fyrir hönd félagsins að standa skil á virðisaukaskattskýrslum. Skattskyld velta og útskattur væru vanframtalin. Skattaðili hefði ekki gert grein fyrir stórum hluta launagreiðslna í launauppgjöf til skattyfirvalda og staðið skil á röngum skilagreinum vegna launagreiðslna. Þá hefði varðveislubókhaldsgagna verið ábótavant. Tölvufært bókhald hefði ekki verið afhent þrátt fyrir beiðni þar að lútandi.

Í kæru skattrannsóknarstjóra er m.a. rakið að rannsókn hefði leitt í ljós að ákærði Eysteinn Gunnar hefði fyrir hönd SK Smáverks ehf. staðið skattstjóranum í Reykjavík skil á röngum skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingargjalds vegna launamanna félagsins, fyrir greiðslutímabilin ágúst til og með nóvember rekstrarárið 2002. Hefði verið upplýst við rannsóknina að félagið hefði ráðið til starfa erlenda einstaklinga og að launagreiðslur til þeirra hefðu ekki verið gefnar upp til skatts. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra kemur fram að aflað hefði verið gagna á tölvutæku formi á starfsstöð Gita ehf. í tengslum við rannsókn á bókhaldi og skattskilum þess félags. Á meðal þeirra gagna sem fundust hefðu verið tölvuskrár sem innihéldu tímaskýrslur og útreikning á launum erlendra starfsmanna

hjá SK Smáverki. Fylgja þessi gögn skýrslu skattrannsóknarstjóra. Kemur fram að við skýrslutöku af Ásrúnu Jóhannsdóttur, starfsmanni SK Smáverks ehf., þann 20. september 2005 hefði komið fram að hún vissi ekki til þess að gerð hefði verið grein fyrir launum sjö nafngreindra erlendra einstaklinga í skattskilum félagsins. Þetta hefðu verið einstaklingar með dönsk atvinnu- og dvalarleyfi. Henni hefði verið greint frá því á sínum tíma að þau leyfi ættu að gilda hér á landi samkvæmt Schengen sáttmálanum. Kjör hinna erlendu starfsmanna hefðu verið þannig að þeir hefðu átt að fá greiddar 700 til 800 krónur á tímann eftir skatta. Farið hefði verið með greiðslur til hinna erlendu starfsmanna í bókhaldi SK Smáverks ehf. á þann hátt að SK Smáverk ehf. hefði greitt starfsmönnum en greiðslurnar hefðu verið bókaðar á bókhaldslykilinn „viðskiptamenn“ og þá auðkenndar í texta sem Eyrstrasaltsviðskipti ehf.

Skýrslu skattrannsóknarstjóra fylgja afrit skýrslna sem teknar voru hjá sýslumanninum í Keflavík í október 2003 af ákærða Eysteini Gunnari og fjórum starfsmönnum SK Smáverks frá Litháen í tengslum við rannsókn máls vegna meints brots gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Í skýrslu ákærða, dagsettri 9. október 2003, er haft eftir ákærða að mennirnir væru á hans vegum og störfuðu fyrir fyrirtæki hans SK Smáverk ehf. Sagðist hann greiða þessum starfsmönnum sínum laun sem væru hærri en kjarasamningar kvæðu á um. Kom fram hjá hinum erlendu starfsmönnum að þeir hefðu ekki þurft að sjá um að greiða opinber gjöld og hefðu kjör þeirra verið þannig að þeir áttu að fá greiddar 700 til 800 krónur fyrir hverja unna klukkustund eftir skatta. Kom fram í skýrslutökunum að þrír hinna erlendu starfsmanna hefðu starfað hjá félaginu frá því í september 2002, en einn frá því sumarið 2002. Af framburði starfsmanna hefði ekki annað verið ráðið en að þeir hefðu starfað á Íslandi óslitið að undanskildum jóla- og sumarfríum, frá þeim tíma, er þeir réðu sig til starfa hjá félaginu og til þess tíma er þeir voru færðir til yfirheyrslu í október 2003. Þá kemur fram í skýrslu skattrannsóknarstjóra að við skoðun á sölureikningum, útgefnum af SK Smáverki ehf. á hendur Húsanesi ehf., sjáist að efni sölureikninga beri með sér útselda vinnu.

Með hliðsjón af skýrslum hinna erlendu starfsmanna hjá sýslumanninum í Keflavík, og skýrslu Ásrúnar Jóhannsdóttur hjá skattrannsóknarstjóra, var miðað við að útborguð laun hefðu verið 700 krónur fyrir hverja vinnustund og tímakaup því 1.138,95 krónur fyrir afdrátt staðgreiðslu. Í samantekt ríkislögreglustjóra um greidd laun, sem byggir á skýrslu skattrannsóknarstjóra, kemur fram að laun erlendra starfsmanna félagsins hefðu verið reiknuð út frá gögnum úr bókhaldi SK Smáverks, útsendum reikningum og launaseðlum erlendra starfsmanna félagsins. Samkvæmt yfirlitinu nam vangoldin staðgreiðsla fyrir tímabilið september til og með nóvember 2002, sem ákæra tekur til, 2.117.282 krónum.

Ákærði Eysteinn Gunnar gaf skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins þann 23. september 2005 og var þá beðinn um að gera grein fyrir tengslum sínu við SK Smáverk ehf., þ.á m. eignaraðild sinni og afskiptum af stjórnun og daglegum rekstri félagsins á árinu 2002. Er bókað eftir ákærða að „það sjáist hvenær hann verði stjórnarformaður og taki við stjórninni“. Það hefði verið tilkynnt til hlutafélagaskrár og á þeim tímamarki hefði hann hafið afskipti af starfsemi félagsins. Sagðist ákærði hafa keypt félagið vegna þess að hann hefði talið það eiga hagstæða viðskiptasamninga. Þeir samningar hefðu ekki gengið eftir, jafnframt sem skuldir hefðu verið meiri en búið var að segja honum. Hefði hann af þessum sökum reynt að „skila félaginu til baka“, en fyrri eigandi hefði þá verið farinn til Danmerkur.

Sagðist ákærði þá hafa hætt afskiptum af félaginu. Ákærði sagði að Ásrún Jóhannsdóttir hefði fært bókhald félagsins. Bókhaldstofan Skattar og bókhald hefði átt að standa skil á skattframtali gjaldársins 2003, vegna rekstrarársins 2002, til skattyfirvalda. Sagðist ákærði telja að það hefði verið gert. Ákærði sagðist ekkert hafa komið að þessu bókhaldi sjálfur og ekki talið sig þurfa að ganga á eftir því að þetta yrði gert. Sagðist hann hafa talið að staðin hefðu verið skil á virðisaukaskattsskýrslum til skattyfirvalda. Hefði það komið honum á óvart að þetta hefði ekki verið í lagi. Hann hefði verið með starfsmann sem átti að sjá um þessi mál. Hefði það verið Ásrún Jóhannsdóttir. Ákærði sagði sex útlendinga hafa verið tímabundið við störf hjá félaginu árið 2002, en þeir hefðu síðan verið reknir úr landi og ákærði kærður fyrir ólöglega starfsemi vegna vinnu þeirra. Sagðist ákærði telja að gerð hefði verið grein fyrir skilagreinum launa til skattyfirvalda og hefði það átt að vera hlutverk Ásrúnar að ganga frá því.

Ákærði gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra þann 7. desember 2007. Sagðist ákærði engu geta svarað um bókhald og fjármál félagsins. Varðandi fyrrgreint samkomulag um kaup hans á félaginu af Smára Kristóferssyni og Sigríði Ragnarsdóttur sagðist ákærði ekki kannast við handritaða breytingu á skjalinu, sem merkt væri með upphafsstöfum Smára. Ákærði sagðist ekki hafa talið það vera á sínum vegum að skila skattframtali tekjuárið 2003 vegna rekstrarársins 2002 þar sem hann hefði ekki komið nálægt neinu bókhaldi. Þá hefði hann ekki haft neitt bókhald undir höndum og ekki fundið það þrátt fyrir eftirgrennslan eftir að rannsókn skattrannsóknarstjóra hófst. Ákærði sagðist ekkert geta tjáð sig um tölulegar niðurstöður lögreglu um vangreiddan virðisaukaskatt. Sagðist ákærði ekkert vita um þetta og ekki muna hvernig þetta var. Ákærði mótmælti þeirri niðurstöðu skattrannsóknarstjóra að félagið hefði ráðið til starfa erlenda einstaklinga og að launagreiðslur til þeirra hefðu ekki verið gefnar upp til skatts. Sagði ákærði þessa erlendu starfsmenn aldrei hafa unnið fyrir SK Smáverk og vísaði til andmælabréfs lögmanns síns til skattrannsóknarstjóra, dagsetts 28. júní 2006, þar sem kom fram að mennirnir hefðu verið ráðnir og komið til landsins á vegum danska fyrirtækisins Smájob Aps.

Við aðalmeðferð málsins gerði ákærði grein fyrir aðkomu sinni að félaginu sem hann hefði keypt af Smára Kristóferssyni og Sigríði Ragnarsdóttur. Ákærði kannaðist við að hafa undirritað samkomulag um kaup á félaginu og að hafa tekist á hendur þær skuldbindingar sem þar greinir. Hann áréttaði þó að hann kannaðist ekki við handritaða breytingu á samkomulaginu um að Smári hefði látið af starfi framkvæmdastjóra. Hefði hann ekki undirritað skjalið eins og því hefði verið breytt. Ákærði sagði allt hafa verið öðruvísi en það átti að vera varðandi þetta fyrirtæki og því hefði hann „skilað því aftur“. Hann hefði skilað öllum vélum sem voru lán á til Vörslusviptingar sem hefði skilað þeim til banka og kaupleigufyrirtækja. Seljendurnir hefðu sagt honum ósatt um stöðu fyrirtækisins. Hann hefði ekki getað skilað þeim vélunum þar sem þau hefðu verið flúin úr landi vegna skulda. Spurður hver hefði borið ábyrgð á að færa bókhald og standa skil á sköttum og því um líkt sagði ákærði að „þau“ hefðu séð um það allan tímann. Hann hefði aldrei komið nálægt því.

Vitnið Ásrún Jóhannsdóttir sagðist hafa starfað hjá SK Smáverki við að skrá bókhald. Hefði ákærði Eysteinn Gunnar verið eigandi félagsins og gefið fyrirmæli um greiðslur á reikningum, skil á virðisaukaskattsskýrslum, skilagreinum og opinberum gjöldum. Ásrún var spurð um það hver hefði borið ábyrgð á að skila inn

skattframtali gjaldárið 2003 vegna rekstrarárs 2002. Í þessu sambandi sagði hún rétt það sem haft var eftir henni við skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra 27. desember 2007 þar sem kemur fram að gögn vegna þessa hefðu verið sett upp í hillu, en talað hefði verið um að það ætti að fara að vinna í þessu og láta endurskoðanda fá gögnin. Hún teldi að stjórnarmaður hefði ráðið því hvort skattframtal væri gert og því skilað, þ.e.a.s. ákærði Eysteinn Gunnar.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hefur hann við rannsókn málsins og fyrir dómi ýmist vísað á Ásrúnu Jóhannsdóttur, starfsmenn bókhaldsstofunnar Skatta og bókhalds eða fyrri eigendur félagsins, Smára Kristófersson og Sigríði Ragnarsdóttur, sem ákærði segir að hafi borið ábyrgð á því að færa bókhald, annast skýrslugerð til skattyfirvalda og standa skil á sköttum vegna SK Smáverks ehf.

Meðal gagna málsins er vottorð fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, dagsett 2. ágúst 2007, þar sem kemur fram að frá 8. ágúst 2002 var stjórn SK Smáverks ehf. skipuð ákærða Eysteini Gunnari sem stjórnarmanni og prókúruhafa, en Smára Hólm Kristóferssyni sem varamanni. Samkvæmt þessu var ákærði eini stjórnarmaður og raunverulegur framkvæmdastjóri félagsins á því tímabili sem um ræðir. Samkvæmt 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 bar honum því skylda til að annast um að starfsemi félagsins væri í réttu horfi og jafnframt að fylgjast með og tryggja að félagið innti af hendi lögboðin gjöld og sjá um að bókhald væri fært í samræmi við lög og reglur.

Ákærði hefur hafnað því að SK Smáverk ehf. hafi ráðið til starfa erlenda einstaklinga, sem og að launagreiðslur erlendra starfsmanna hafi ekki verið gefnar upp til skatts. Í greinargerð verjanda ákærða, sem lögð hefur verið fram í málinu, kemur fram að mennirnir hefðu verið ráðnir og komið til landsins á vegum danska fyrirtækisins Småjob Aps. Hefði verið um verktakagreiðslur til þeirra að ræða.

Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra kannaðist ákærði við að sex útlendingar hefðu starfað hjá SK Smáverki ehf. á árinu 2002. Sagðist ákærði telja að gerð hefði verið grein fyrir skilgreinum launa til skattyfirvalda, en það hefði átt að vera hlutverk Ásrúnar Jóhannsdóttur að sjá um það. Breytti ákærði síðar framburði sínum að þessu leyti og bar við skýrslutöku hjá lögreglu að mennirnir hefðu ekki starfað fyrir SK Smáverk ehf. heldur félagið Småjob Aps. Af hálfu verjanda ákærða hefur jafnframt verið haldið fram að draga skuli þá fjárhæð sem nemur greiðslum til verktaka frá vantalinni skattskyldri veltu samkvæmt ákæru og eigi fjárhæð vangoldins virðisaukaskatts samkvæmt ákæru að lækka sem því nemur.

Af skýrslu Ásrúnar Jóhannsdóttur hjá skattrannsóknarstjóra, skýrslum ákærða og fjögurra erlendra starfsmanna hjá lögreglu í október 2003 og gögnum sem skattrannsóknarstjóri aflaði við rannsókn málsins, sem að framan er getið, verður ráðið að mennirnir voru ráðnir til starfa hjá SK Smáverki og fengu greidd laun vegna starfa sinna þar. Var ákærði með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 21. september 2006, í málinu nr. 114/2006, sakfelldur fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga með því að hafa frá september 2002 haft sex litháíska ríkisborgara í vinnu hjá félaginu án atvinnuleyfis. Bar skattaðilanum SK Smáverki

ehf. að draga staðgreiðslu opinberra gjalda af launum hinna erlendu starfsmanna, sbr. 15. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Ákærvaldið hefur lagt til grundvallar útreikning skattrannsóknarstjóra við áætlun útborgaðra launa til starfsmannanna. Er á það fallist með ákærvaldinu að vangoldin staðgreiðsla fyrir það tímabil sem ákæra lýtur að hafi numið 2.117.282 krónum, svo sem í ákæru greinir.

Varðandi fjárhæð vangoldins virðisaukaskatts samkvæmt ákæru hefur verjandi einnig gert athugasemd við reikning, dagsettan 15. desember 2002, vegna sölu tölva og skrifstofubúnaðar til Perlunnar ehf. fyrir 520.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti. SK Smáverk hafi ekki haft þá starfsemi með höndum að selja búnað sem þarna ræðir um og hafi viðskiptin því ekki verið virðisaukaskattskyld. Beri að lækka fjárhæð vangoldins virðisaukaskatts samkvæmt ákæru um 127.400 krónur, sem nemi virðisaukaskatti samkvæmt reikningnum. Ekki verður fallist á þetta með verjanda, þar sem ótvírætt er að um virðisaukaskattskyld viðskipti var að ræða og skiptir engu í því sambandi þótt þau hafi ekki verið liður í hefðbundinni starfsemi félagsins.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og eru brot hans þar rétt færð til refsíákvæða. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru að þessu leyti.

Ákærufli II. Eystrasaltsviðskipti ehf.

Málsatvik

Í kæru skattrannsóknarstjóra til ríkislögreglustjóra kemur fram að tilefni rannsóknar á bókhaldi og skattskilum Eystrasaltsviðskipta ehf. vegna rekstrarársins 2001 megi rekja til ábendingar frá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi, dagsettrar 30. september 2004, þar sem m.a. kom fram að virðisaukaskattskil félagsins hefðu verið áætluð árin 2001 og 2002, en ljóst væri að félagið hefði innheimt virðisaukaskatt af útseldri þjónustu án þess að standa skil á virðisaukaskattinum til ríkissjóðs. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 10. september 2004, var félagið Eystrasaltsviðskipti ehf. úrskurðað gjaldþrota. Kemur fram í kæru skattrannsóknarstjóra að þann 1. febrúar 2005 hafi borist bréf skiptastjóra þrotabús félagsins þar sem kom fram að hann hefði margsinnis boðað fyrirsvarsmann félagsins, ákærða Eysteinn Gunnar, til skýrslugjafar, en án árangurs. Efst skiptastjóri um að skattalögum hafi verið fylgt í rekstri félagsins, þannig hafi t.d. ekki verið staðin skil á skattframtölum og fylgigögnum. Í kæru skattrannsóknarstjóra er rakið að formleg rannsókn í málinu hefði hafist þann 13. maí 2005 með því að skiptastjóra hefði verið afhent tilkynning þar um.

Meðal gagna málsins er tilkynning til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, dagsett 18. júlí 2000, um stofnun Eystrasaltsviðskipta ehf. og var formaður stjórnar þar sagður vera Róbert Árni Hreiðarsson, en ákærði Eysteinn Gunnar Guðmundsson meðstjórnandi og framkvæmdastjóri. Kemur fram að tilgangur félagsins sé innflutningur, heildsala og smásala byggingareininga, byggingarefnis og byggingarvara, innflutningur ökutækja og íhluta og varahluta fyrir þau, umboðssala, innflutningur og dreifing erlendra iðnaðarvara, fjárfestingar héraðs

sem erlendis, kaup og sala fasteigna, skipa, flugvéla, fyrirtækja og verðbréfa. Einnig rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyld starfsemi. Þá liggur fyrir tilkynning til hlutafélagaskrár, dagsett 29. desember 2000, um breytingar á samþykktum og stjórn félagsins, þar sem kemur fram að Róbert Árni Hreiðarsson hafi sagt sig úr stjórn félagsins, en við sæti hans í stjórn taki ákærði Eysteinn Gunnar Guðmundsson. Verði því eftirleiðis, eða þar til annað verði ákveðið, einn maður í stjórn félagsins, þar sem ákærði Eysteinn Gunnar hefði eignast allt hlutafé í félaginu. Önnur tilkynning til hlutafélagaskrár, um breytingu á samþykktum og stjórn félagsins, er dagsett 11. janúar 2001. Kemur þar fram að ákærði Eysteinn Gunnar hafi sagt sig úr stjórninni, en við sæti hans í stjórn taki Gitana Ziliuté. Verði því eftirleiðis, eða þar til annað verði ákveðið, einn maður í stjórn félagsins þar sem Gitana hefði eignast allt hlutafé í félaginu. Þá liggur fyrir tilkynning til hlutafélagaskrár, dagsett 15. janúar 2001, þar sem kemur fram að prókúra ákærða Eysteins Gunnars falli niður, en Gitana taki við henni. Í tilkynningu til hlutafélagaskrár, dagsettri 23. febrúar 2001, kemur svo fram að á fundi stjórnar félagsins þann 19. sama mánaðar hafi orðið þær breytingar að skráður framkvæmdastjóri, ákærði Eysteinn Gunnar, hefði látið af þeim starfa og við stöðunni hefði tekið ákærði Stefán Örn Stefánsson. Ákveðið hefði verið að fella niður prókúruumboð það sem Róbert Árni Hreiðarsson hefði haft með höndum og veita nýjum framkvæmdastjóra félagsins, Stefáni Erni, fullt prókúruumboð í hans stað. Þá hefði verið ákveðið að flytja heimilisfang félagsins að Engjaseli 86, Reykjavík, en af fyrrgreindum tilkynningum verður ráðið að það hafi jafnframt verið heimilisfang ákærða Eysteins Gunnars og Gitönu Ziliuté. Bera ofangreindar tilkynningar undirritun Eysteins Gunnars og hefur Gitana Ziliuté undirritað þrjár þær síðastnefndu með honum. Þá liggur fyrir vottorð úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, dagsett 2. ágúst 2007, þar sem kemur fram að samkvæmt fundi þann 31. desember 2002 sé stjórn félagsins skipuð ákærða Eysteini Gunnari sem varamanni, en ákærði Stefán Örn skráður framkvæmdastjóri.

Í kæru skattranssóknarstjóra kemur fram að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefði ekki reynst unnt að ná sambandi við Gitönu Ziliuté vegna rannsóknar málsins og væri hún því ekki kærð í málinu.

Voru helstu niðurstöður rannsóknar skattranssóknarstjóra þær að varðveislu bókhaldsgagna hefði verið verulega ábótavant á rannsóknartímabilinu, vanrækt hefði verið fyrir hönd Eyrstrasaltsviðskipta ehf. að standa skil á skattframtali ásamt lögboðnum fylgigögnum þess gjaldárið 2002, vegna rekstrarársins 2001, vanrækt hefði verið fyrir hönd félagsins að standa skil á virðisaukaskattskýrslum, skattskyld velta og útskattur hefðu verið vanframtalin, vanrækt hefði verið fyrir hönd félagsins að gera grein fyrir launagreiðslum í launauppgjöf til skattyfirvalda og staðið hefði verið skil á rangri skilagreini vegna staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launagreiðslna félagsins.

Kemur fram í skýrslu skattranssóknarstjóra að engin bókhaldsgögn hefðu verið afhent fyrir félagið og væri vafa undirorpið hvar þau væri að finna, séu þau yfirhöfuð til. Hefði ákærði Eysteinn Gunnar í fyrstu haldið því fram að skattstjórinn í Reykjavík hefði gögnin undir höndum. Þá hefði ákærði borið að hann teldi að í tengslum við rannsókn vegna erlendra starfsmanna hjá félaginu hefðu bókhaldsgögn verið afhent lögreglu. Þá vísaði ákærði á Gitönu Ziliuté, sem hann sagði geta vísað í gögnin. Loks kom fram hjá ákærða Stefáni Erni að Eysteinn Gunnar hefði sagt honum að bókhaldsgögnin hefðu eyðilagst í bruna. Við rannsókn

skattrannsóknarstjóra voru rekstrartekjur og skattskyld velta og útskattur félagsins reiknuð samkvæmt sölureikningum og gögnum um innborganir á bankareikning félagsins. Rannsókn á launagreiðslum til erlendra launamanna og skilum á staðgreiðslu byggðist á einni skilagrein vegna staðgreiðslu opinberra gjalda, útseldum tímum samkvæmt sölureikningum félagsins, tímaskýrslum og útreikningum á launum, umsókn fyrirverandi starfsmanns skattaðila um leiðréttingu á afdreginni staðgreiðslu og skýrslutöku af ákærða Stefáni Erni.

Meðal gagna málsins er afrit lögregluskýrslu sem tekin var af ákærða 15. desember 2001 vegna rannsóknar meints brots gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga í tengslum við störf erlendra verkamanna fyrir Eystrasaltsviðskipti ehf. Í skýrslunni er haft eftir ákærða að hann sé eigandi og stjórnandi Eystrasaltsviðskipta ehf. og sjái um daglegan rekstur félagsins. Sagði ákærði að skráning Gitönu Ziliuté og Stefáns Arnar Stefánssonar, sem fyrirsvarsmanna félagsins, væri röng, þar sem hann hefði tekið sæti þeirra í apríl þetta ár, þó að hann myndi ekki hvort það hefði verið tilkynnt hlutafélagaskrá. Rannsókn lögreglu lyktaði með því að höfðað var opinbert mál á hendur ákærða fyrir brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga með því að hafa á tímabilinu 30. ágúst 2001 til 28. október 2001, sem fyrirsvarismaður Eystrasaltsviðskipta ehf., ráðið í vinnu til sín 9 litháíska ríkisborgara, þrátt fyrir að enginn þeirra væri með atvinnuréttindi á Íslandi. Við aðalmeðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness bar ákærði á annan veg um stöðu sína hjá félaginu en hann hafði gert við fyrnefnda skýrslutöku hjá lögreglu. Sagðist ákærði hafa starfað hjá félaginu sem rafvirkjameistari, en ekki vita hver hefði verið framkvæmdastjóri félagsins né hver hefði stjórnað því. Héraðsdómur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þegar horft væri til þess sem vitni hefðu borið um stöðu ákærða innan Eystrasaltsviðskipta ehf. og eins þess að skýringar hans á breyttum framburði sínum fyrir dómi yrðu að teljast ótrúverðugar, væri komin fram fullnægjandi sönnun þess að ákærði hefði, varðandi þá erlendu menn sem taldir voru upp í ákæru, komið fram sem fyrirsvarismaður Eystrasaltsviðskipta ehf. Var ákærði sakfelldur fyrir brot á 4. gr., sbr. 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, þó þannig að ekki var talið að fullyrt yrði hversu lengi mennirnir hefðu verið að störfum á vegum ákærða. Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 28. nóvember 2002, í málinu nr. 315/2002, var niðurstaða héraðsdóms staðfest með þeirri athugasemd að því er ákvörðun refsingar varðaði, að ekki yrði fullyrt hversu lengi hinir útlendu menn hefðu verið að störfum á vegum ákærða, þótt ljóst væri að mennirnir hefðu verið við störf í Kópavogi miðvikudaginn 7. nóvember 2001, er lögregla hafði afskipti af þeim.

Ákærði gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra þann 7. desember 2007. Sagðist hann hafa starfað sem rafvirki hjá Eystrasaltsviðskiptum ehf. og hefði hann „bara verið úti að vinna með köllunum“. Hann hefði aldrei komið nálægt fjármálum eða bókhaldi fyrir þetta fyrirtæki, enda kynni hann ekkert fyrir sér í því. Sagðist ákærði ekki vita hver hefði verið ábyrgur fyrir því hjá félaginu að færa bókhald og standa skil á skilaskyldum gögnum og greiðslum. Hann hefði aldrei komið nálægt peningum og pappírsmálum. Gitana hefði séð um þessi mál. Hann sagðist ekkert vita um hver ábyrgð ákærða Stefáns Arnar hefði verið í fyrirtækinu. Hann sagðist ekki vita betur en að Gitana hefði verið með bókhald fyrirtækisins. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra þann 23. september 2005 tjáði ákærði sig nánar um aðkomu Gitönu að félaginu. Sagðist hann ekkert hafa komið nálægt rekstri Eystrasaltsviðskipta ehf. frá áramótum 2000/2001, en formlega frá 11. janúar 2001 þegar hann sagði sig úr stjórn félagsins. Hefði Gitana Ziliuté tekið við félaginu. Þau

hefðu verið viðskiptafélagar á þessum tíma og búið í sama fjölbýlishúsi. Spurður um hvernig eignaraðild og stjórnun Eystrasaltsviðskipta ehf. hefði verið háttað rekstrarárið 2001 sagðist ákærði alfarið vísa á Gitönu. Vísaði ákærði sömuleiðis á Gitönu varðandi önnur þau atriði sem hann var spurður um og rannsókn beindist að.

Ákærði Stefán Örn Stefánsson gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra þann 28. september 2007 og lýsti því sem fyrr að hann hefði verið titlaður framkvæmdastjóri Eystrasaltsviðskipta ehf. sem eins konar „leppur“ fyrir ákærða Eysteinn Gunnar, sem ekki hefði getað komið fram gagnvart bönkum og lánastofnunum. Hefði starfsemi félagsins í upphafi átt að snúast um innflutning á timbri frá Litháen, en fljótlega breyst í starfsmannaleigu. Hann hefði í raun aldrei verið virkur framkvæmdastjóri og ekki haft neina fjármálastjórn. Öll stjórn hefði verið í höndum Eysteins Gunnars og Gitönu. Hann hefði reynt að koma skipulagi á félagið, m.a. með því að fá þau til að halda utan um bókhald. Sagðist ákærði hafa farið til Grænlands vorið 2001 og verið þar við störf næstu árin, auk þess sem hann hefði verið í fríi í Svíþjóð. Hefði hann ekki komið til starfa á Íslandi aftur fyrr en árið 2005. Hann hefði því aðeins verið framkvæmdastjóri hjá félaginu í um tvo til tvo og hálfan mánuð. Það hefði verið á ábyrgð Eysteins Gunnars og Gitönu að færa bókhald hjá félaginu og standa skil á skilaskyldum gögnum og greiðslum. Hefði hann eftir bestu samvisku afhent þeim gögn um það sem hefði verið unnið. Þá hefði hann afhent þeim virðisaukaskattskýrslur sem þau áttu að koma til skila. Eysteinn Gunnar og Gitana hefðu haft yfirsýn yfir rekstur fyrirtækisins, s.s. rekstrartekjur og rekstrargjöld. Þau hefðu haft aðgang að öllum bankareikningum félagsins og allur póstur þess hefði farið að Engjaseli 86, þar sem þau hefðu búið. Sagði ákærði að áður en hann fór úr landi hefði hann haft óljósan grun um að skattayfirvöldum hefði ekki verið gerð grein fyrir rekstrartekjum félagsins eða að ekki hefði verið staðið skil á innheimtum virðisaukaskatti. Þegar hann kom heim úr fríi hefði svo beðið hans póstur um þetta. Hefði Eysteinn Gunnar síðar sagt honum að hann hefði geymt bókhaldsgögn frá félaginu á skrifstofu sem hann var kominn með í Hveragerði, en þar hefði svo kviknað í. Ákærði sagðist ekki geta tjáð sig um tölur um áætlaðar rekstrartekjur félagsins eða ætlaðan vangreiddan virðisaukaskatt, þar sem hann hefði ekki verið við störf hjá fyrirtækinu á þeim tíma sem um ræðir. Þá gæti hann ekki sagt til um það nákvæmlega hvort samantekt lögreglu um áætluð laun starfsmanna á tímabilinu, áætlaða staðgreiðslu og tryggingargjald væri rétt, enda hefðu Eysteinn Gunnar og Gitana haft yfirsýn yfir starfsmannamál. Það hefðu verið starfsmenn á launum hjá félaginu, en ekki vissi hann hversu margir það voru í hverjum mánuði. Ákærði kannaðist við að hafa undirritað skilagrein vegna staðgreiðslu og tryggingargjalds fyrir maímánuð 2001, en sagðist ekki hafa skýringar á því hvers vegna hún sýndi engin greidd laun.

Við aðalmeðferð málsins fullyrti ákærði Eysteinn Gunnar að Gitana Ziliuté hefði borið ábyrgð á því hjá Eystrasaltsviðskiptum ehf. að færa bókhald og standa skil á skilaskyldum gögnum og greiðslum, sköttum og skyldum. Sjálfur væri hann rafvirkjameistari og hefði unnið mest sjálfstætt hjá félaginu. Hann hefði ekkert komið að stjórn þess. Hann hefði að vísu stofnað þetta fyrirtæki og átt það upphaflega, en síðan hefði Gitana tekið það yfir. Sagði ákærði það vera rangt sem kæmi fram í skýrslu sem Gitana hefði gefið hjá sýslumanninum í Kópavogi vegna rannsóknar fyrrgreinds refsímáls, þar sem hún sagðist ekki hafa tekið þátt í stjórnarstörfum hjá félaginu. Ákærði sagðist hafa borið ábyrgð á allri rafmagnsvinnu á vegum félagsins. Hann hefði ekki annast mannaáráðningar, en þó

þurft að samþykkja þá menn sem voru í rafmagnsvinnu með honum.

Ákærði var spurður um aðdraganda þess að Stefán Örn Stefánsson hefði tekið að sér að vera framkvæmdastjóri Eystrasaltsviðskipta ehf. og hvort hann kannaðist við að hafa beðið Stefán Örn um þetta. Sagðist ákærði ekki muna hvernig þetta hefði borið að. Hann sagði þá Stefán Örn hafa verið félagi og verið að vinna saman á þessum tíma, en ekki muna hver var titlaður hvað. Ákærði sagði vera rétt eftir sér haft í skýrslu hans hjá skattrannsóknarstjóra þar sem hann sagðist ekki vita hver ábyrgð Stefáns Arnar hefði verið hjá félaginu. Ekki sagðist ákærði muna hvað Stefán Örn starfaði lengi hjá félaginu. Þá sagðist hann ekki vita hvort Stefán Örn hefði fengið greidd laun sem framkvæmdastjóri, en hann hefði þó verið með greiðslukort á reikning félagsins og séð um að kaupa efni og annað.

Ákærði Stefán Örn Stefánsson bar fyrir dóminum að það hefðu verið Eysteinn Gunnar og Gitana Ziliuté sem hefðu borið ábyrgð á því hjá félaginu að færa bókhald og standa skil á skilaskildum gögnum og greiðslum varðandi skatta og skuldir. Hefði hann reynt eftir bestu getu að útbúa gögn fyrir bókhaldið og komið í hendurnar á þeim. Hann hefði komið að þessu fyrirtæki og tekið að sér framkvæmdastjórn þar sem þeir Eysteinn Gunnar hefðu verið að vinna saman að öðrum verkefnum. Hefði tekist kunningsskapur með þeim og eitt leitt af öðru. Ástæðan fyrir því að hann tók þetta að sér hefði fyrst og fremst verið sú að Eysteinn hefði ekki verið með „hreint nafn“ og því beðið hann um að taka þetta að sér. Þetta hefði aðeins verið að nafninu til. Hann hefði fengið einhverjar greiðslu fyrir almenn störf hjá fyrirtækinu, en ekki laun sem framkvæmdastjóri. Ákærði sagðist ekki muna betur en að hann hefði verið kominn til starfa í Grænlandi um mánaðamót maí/júní þetta sama ár. Hann hefði hætt störfum hjá félaginu vegna samdráttar og vegna þess að hann hefði haft óljósan grun um að hlutirnir væru ekki eins og þeir ættu að vera. Þetta hefði verið á vormánuðum 2001 og hefði Eysteinn Gunnar sagst myndu biðja lögmann félagsins að ganga frá afskráningu hans sem framkvæmdastjóra. Hann hefði að beiðni Eysteins Gunnars og Gitönu undirritað skilagrein fyrir aprílmánuð þetta ár, þótt hann hefði ekki lengur gegnt starfi framkvæmdastjóra. Á þeim tíma sem hann gegndi starfi framkvæmdastjóra félagsins hefði hann ekki haft frumkvæði að því að skuldbinda félagið, borga skatta eða taka ákvörðun um að borga ekki skatta. Þessi mál hefðu alfarið verið í höndum Gitönu og Eysteins Gunnars. Hefði hann verið í þeirri trú að hann hefði verið afskráður sem framkvæmdastjóri félagsins vorið 2001, en síðan komist að því um haustið að svo var ekki. Þá hefði hafist lögreglurannsókn vegna meintra brota á lögum um atvinnuréttindi útlendinga í starfsemi félagsins.

Vitnið Gitana Guðmundsdóttir, áður Ziliuté, gaf skýrslu fyrir dóminum. Sagði hún þau Stefán Örn hafa séð um Eystrasaltsviðskipti ehf. á árinu 2001. Hefði hún séð um að taka saman og varðveita reikninga fyrir bókhaldið, en Stefán séð um að færa bókhaldið. Þá hefði Stefán Örn séð um greiðslur á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda og annast skil á skýrslum til skattyfirvalda. Stefán Örn hefði farið með stjórn félagsins frá degi til dags. Það væri ekki rétt að raunveruleg framkvæmdastjórn hefði verið í höndum hennar og Eysteins Gunnars. Hennar starf hefði verið fólgið í því að aðstoða Stefán í „pappírsmálum“, en Eysteinn Gunnar hefði verið að sýsla við að leggja rafmagn. Gitana sagðist ekki muna eftir að hafa gefið skýrslu hjá sýslumanninum í Kópavogi í tengslum við rannsókn máls vegna atvinnuréttinda erlendra starfsmanna og ekki muna til þess að Eysteinn Gunnar hefði hlotið refsídóm í slíku máli. Hins vegar hefðu menn frá

Litháen verið að vinna hjá þeim, en þeir hefðu allir verið með atvinnuleyfi. Hún sagðist þess fullviss að Stefán Örn hefði ekki verið á Grænlandi á þeim tíma sem um ræðir.

Niðurstæða

Ákærðu hafa ekki gert athugasemdir við brotálýsingar í ákæru. Samkvæmt því, og með vísan til gagna málsins sem að framan greinir, telst sannað að þau brot sem rakin eru í ákæru hafi verið framin í rekstri Eystrasaltsviðskipta ehf. Ákærðu neita hins vegar sök og hafa hver um sig borið fyrir sig að þeir hafi ekki komið að stjórn félagsins á þeim tíma sem um ræðir og beri þeir því ekki refsíabyrgð vegna greindra brota.

Samkvæmt vottorði fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra sem liggur fyrir í málinu var stjórn Eystrasaltsviðskipta ehf. þann 31. desember 2002 skipuð ákærða Eysteini Gunnari sem varamanni, en ákærði Stefán Örn var skráður framkvæmdastjóri. Var ákærði Eysteinn Gunnar annar tveggja stofnenda félagsins árið 2000 og starfaði hjá því síðan. Samkvæmt tilkynningum til fyrirtækjaskrár sat ákærði í stjórn félagsins frá stofnun þess til 11. janúar 2001. Hann var jafnframt skráður framkvæmdastjóri þar til ákærði Stefán Örn tók við þeim starfa 19. janúar 2001. Við lögreglurannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi hefur Stefán Örn borið að Eysteinn Gunnar og Gitana Ziliuté hafi verið raunverulegir stjórnendur félagsins. Eysteinn Gunnar hefur vísað á Gitönu Ziliuté, sem aftur hefur vísað á Stefán Örn. Í skýrslu sem ákærði Eysteinn Gunnar gaf hjá lögreglu, 15. desember 2001, vegna rannsóknar máls vegna meints brots gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga, viðurkenndi hann að vera eigandi og stjórnandi félagsins og sagðist sjá um daglegan rekstur þess. Hefur ákærði síðar breytt framburði sínum að þessu leyti, svo sem rakið hefur verið, en ekki hafa komið fram trúverðugar skýringar á breyttum framburði hans. Á hinn bóginn hefur framburður Stefáns Arnar um stöðu ákærða Eysteins Gunnars og aðkomu sína að félaginu verið staðfastur frá upphafi og er hann trúverðugur að mati dómsins. Við mat á framburði Gitönu fyrir dóminum verður að hafa í huga að fram er komið í málinu að þau Eysteinn Gunnar voru nánir viðskiptafélagar og að rannsókn skattrannsóknarstjóra beindist jafnframt að henni sem raunverulegum fyrirsvarsmanni félagsins, en hún hvarf úr landi áður en náðist að taka af henni skýrslu vegna rannsóknar málsins. Þegar gögn málsins eru virt að öðru leyti þykir dóminum sýnt að Gitana hafi í vitnisburði sínum fyrir dóminum leitast við að gera lítið úr stöðu þeirra Eysteins Gunnars hjá félaginu og þar með draga úr ábyrgð þeirra á því sem miður fór í rekstri þess. Samkvæmt framansögðu, og með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 315/2002, þykir ótvírætt sannað að ákærði Eysteinn Gunnar hafi verið raunverulegur stjórnandi og fyrirsvarmaður félagsins á þeim tíma sem um ræðir, auk þess að vera eigandi þess hluta tímabilsins. Bar ákærði sem slíkur ábyrgð á starfsemi félagsins, sbr. 44. gr. laga um einkahlutafélög.

Ákærði Stefán Örn var skráður framkvæmdastjóri félagsins frá 19. janúar 2001 og bar samkvæmt því að annast daglegan rekstur þess, sbr. 2. og 3. mgr. 44. gr. laga um einkahlutafélög. Í því felst m.a. að ákærða bar að sjá til þess að staðin væru skil á opinberum gjöldum og að bókhald væri fært og varðveitt lögum samkvæmt. Breytir þar engu um þótt ráðning ákærða í stöðu framkvæmdastjóra hafi verið til

málamynda, eins og hann hefur borið um.

Samkvæmt framansögðu báru ákærðu sameiginlega ábyrgð á þeim brotum sem lýst er í ákæru, þó þannig að ákærði Stefán bar ekki ábyrgð á skilum á skilagrein og staðgreiðslu opinberra gjalda vegna janúarmánaðar 2001, sbr. ákærulið II.2. Hafa ákærðu gerst sekir um þá háttsemi sem í ákæru greinir og eru brot þeirra rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærufli III. Perlun ehf.

Málsatvik

Í kæru skattransóknarstjóra til ríkislögreglustjóra kemur fram að skattransóknarstjóri tók að eigin frumkvæði ákvörðun um að hefja rannsókn á bókhaldi og skattskilum Perlunnar ehf. vegna rekstraráranna 2002 til 2004, en síðar var rannsóknin afmörkuð við rekstrartímabilið janúar til og með desember 2004. Hefði rannsókn í málinu hafist 19. maí 2005 með því að þáverandi forráðamanni félagsins, ákærða Eysteini Gunnari, var tilkynnt að rannsókn væri hafin á bókhaldi og skattskilum félagsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 2005 var Perlun ehf. úrskurðuð gjaldþrota.

Meðal gagna málsins er samningur, dagsettur 4. nóvember 2002, um kaup Ásrúnar Jóhannsdóttir á öllum hlutabréfum Perlunnar ehf. af þáverandi eigendum. Þá liggur fyrir tilkynning um kaupin til hlutafélagaskrár, dagsett sama dag. Í þeirri tilkynningu kemur fram að tilgangur Perlunnar ehf. sé rekstur trésmiðju og tengdur rekstur, inn- og útflutningur, heildsala og smásala og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Segir að Ásrún Jóhannsdóttir sé stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins með prókúru. Varamaður í stjórn sé ákærði Eysteinn. Eru kaupsamningurinn og tilkynningin undirrituð af Ásrúnu Jóhannsdóttur. Þá liggur fyrir tilkynning til hlutafélagaskrár, dagsett 21. janúar 2004, þar sem kemur fram að haldinn hefði verið hluthafafundur í Perlunni ehf. þann 20. sama mánaðar og hefði verið mætt fyrir alla hluti í félaginu. Hefði farið fram kosning í stjórn og í hana skipuð Hlöðver Ólafsson og Gitana Ziliuté. Jafnframt hefði verið ákveðið að Hlöðver Ólafsson yrði framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi. Væri prókúra Ásrúnar Jóhannsdóttir afturkölluð. Undir tilkynninguna rita ákærði Hlöðver Ólafsson og Gitana Ziliuté. Í tilkynningu sem barst fyrirtækjaskrá 27. ágúst 2004 kemur svo fram að samkvæmt fundi, sem haldinn hefði verið í félaginu þann 4. sama mánaðar, skyldi stjórn þess skipuð ákærða Eysteini Gunnari í eins manns stjórn, en ákærða Hlöðver sem varamanni. Þá væri ákærði Eysteinn Gunnar framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Er tilkynningin undirrituð af ákærða Eysteini Gunnari. Loks liggur fyrir tilkynning til fyrirtækjaskrár, dagsett 15. desember 2004, undirrituð af ákærða Hlöðver, þar sem kemur fram að hann segi sig úr stjórn félagsins.

Samkvæmt kæru skattransóknarstjóra leiddi rannsókn í ljós að bókhald Perlu ehf. hefði ekki verið fært og að bókhaldsgögn hefðu ekki verið afhent þrátt fyrir beiðni þar að lútandi, tekjuskráning og varðveisla tekjuskráningargagna hefði verið

ófullnægjandi, vanrækt hefði verið fyrir hönd félagsins að standa skil á skattframtali ásamt lögboðnum fylgigögnum þess fyrir gjaldárið 2005, vegna rekstarársins 2004, rekstrartekjur hefðu verið vanframtaldar fyrir rekstrarárið 2004, vanrækt hefði verið fyrir hönd félagsins að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum og skattskyld velta og útskattur hefðu verið vanframtalin.

Í skýrslu skattransóknarstjóra er rakið að við upphaf rannsóknar hefði verið óskað eftir því við ákærða Eysteinn Gunnar að hann afhenti bókhaldsgögn fyrir það tímabil sem væri til rannsóknar. Hefði komið fram hjá ákærða að bókhaldsgögn hefðu skemmt eftir að sprungið hefði rör í húsnæði þar sem þau voru geymd. Væri þó að fara af stað vinna við að færa bókhaldið hjá tilteknu bókhaldsfyrirtæki og yrði það tilbúið innan tíðar. Hefði verið gengið eftir því við ákærða í tvígang á næstu mánuðum að afhenda bókhaldsgögnin, en þau ekki skilað sér. Hefði m.a. verið haft samband við þann starfsmann bókhaldsstofunnar sem ákærði hafði sagt vera að vinna við að færa bókhaldið, en sá hefði ekki kannast við það. Við skýrslutöku hjá skattransóknarstjóra þann 8. september 2006 hefði ákærði borið að hann hefði afhent skiptastjóra þrotabús Perlunnar ehf. bókhaldsgögnin. Nokkru síðar hefði skiptastjórinn haft samband við skattransóknarstjóra í því skyni að nálgast bókhaldsgögnin, sem hann sagði ákærða hafa sagt sér að hann hefði afhent skattransóknarstjóra. Hefðu engin bókhaldsgögn borist skattransóknarstjóra. Við rannsókn skattransóknarstjóra voru rekstrartekjur og skattskyld velta og útskattur félagsins reiknuð samkvæmt sölureikningum og gögnum um innborganir á bankareikning félagsins.

Ákærði Hlödver Ólafsson gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra þann 9. október 2007. Sagði hann samstarf þeirra Eysteins Gunnars hafa hafist í janúar 2004, en þeir hefðu fengið úthlutað lóðum uppi í Kjós til að byggja sumarbústaði. Hefði hann átt að annast framkvæmdir við byggingu húsanna. Hefði hann verið skráður í stjórn félagsins til að tryggja fjármagn frá banka. Áætlanir hefðu ekki gengið eftir og hefði hann í aprílmánuði ákveðið að slíta samstarfinu við Eysteinn Gunnar. Hefðu þeir Eysteinn Gunnar fyllt út beiðni þess efnis að hann hætti sem framkvæmdastjóri og færi úr stjórn. Eysteinn Gunnar hefði ætlað að skila tilkynningunni til hlutafélagaskrár, en það hefði hann hins vegar ekki gert fyrr en í ágúst og þá jafnframt skráð Hlödver í varastjórn að honum forspurdum. Hefði hann orðið þessa áskynja þegar honum fóru að berast rukkanir vegna félagsins og því gengið í það sjálfur í desember að skrá sig endanlega úr stjórn þess. Sagðist hann hafa haft orð Eysteins Gunnars fyrir því að Ásrún Jóhannsdóttir væri að færa bókhaldið og færi sú vinna fram á heimili hennar, en hún hefði áður unnið við slíkt á skrifstofunni. Sagðist hann hafa skilað nótum á skrifstofuna þar sem þær hefðu farið í möppu. Hefði hann jafnframt haft milligöngu um að Eysteinn Gunnar fundaði með endurskoðanda í því skyni að sjá um bókhald félagsins, en vissi ekki hvað hefði orðið úr því.

Ákærði Eysteinn Gunnar gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra 7. desember 2007. Kom fram hjá honum að hann hefði í raun tekið við sem framkvæmdastjóri félagsins í apríl 2004. Hefði Hlödver aldrei verið raunverulegur framkvæmdastjóri félagsins, heldur hefðu þeir verið að vinna saman, en Ásrún Jóhannsdóttir hefði séð um bókhald og greiðslu reikninga. Fullyrti ákærði að fært hefði verið bókhald hjá félaginu fyrir árið 2004. Hefði Ásrún Jóhannsdóttir borið ábyrgð á því hjá félaginu að færa bókhald og standa skil á skilaskyldum gögnum og greiðslum. Sagðist ákærði ekki hafa vitað að skattayfirvöldum hefði ekki verið gerð grein fyrir

rekstrartekjum félagsins eða að ekki hefðu verið staðin skil á virðisaukaskatti. Hann hefði haldið að þetta væri allt í mjög góðu lagi og hefði hann greitt Ásrúnu fé til þess að klára þessi mál, en hún hefði áður starfað hjá félaginu sem bókhaldari og skrifstofumaður.

Við aðalmeðferð málsins ítrekaði ákærði Hlöðver að hann hefði ekki komið að eiginlegum rekstri Perlunnar ehf. Hefði hann farið í þetta samstarf til að byggja sumarbústaði og hefði hans hlutverk verið að stjórna byggingaframkvæmdum. Hann hefði séð um efnisinnkaup að hluta og skilað öllum nótum inn á skrifstofu félagsins. Hefði ákærði Eysteinn alfarið séð um rekstur fyrirtækisins og sagt honum að bókhaldið væri fært úti í bæ. Eysteinn hefði borið ábyrgð á því að bókhald væri fært og hefði hann fullvissað Hlöðver um að Ásrún væri að sjá um það. Hann hefði ekki verið hjá félaginu nema í u.þ.b. 3 mánuði. Hefði það verið að tilmælum KB-banka, sem sá um fjármögnun félagsins, að hann fór í stjórn þess og varð framkvæmdastjóri. Eysteinn Gunnar hefði ekki viljað að hann væri meðeigandi, en það hefði verið rætt í upphafi. Í apríl hefði hann tekið þá ákvörðun að hann vildi ekki vera í þessu samstarfi og hefði hann sagt Eysteini það. Hann áréttaði jafnframt að hann hefði óskað eftir því við Eystein Gunnar að fengin yrði góð endurskoðunarskrifstofa til að bókhaldið yrði almennilega endurskoðað. Hefði hann komið á fundi með Eysteini Gunnari og endurskoðunarskrifstofu í þessu skyni og sjálfur setið þann fund.

Fyrir dómi sagðist ákærði Eysteinn Gunnar aldrei hafa komið nálægt neinum pappírs- eða peningamálum og ekki vita hver hefði t.d. gefið fyrirmæli um greiðslu t.d. á sköttum eða skuldum. Sjálfur hefði hann aðeins „verið í rafmagninu“ þarna. Allt sem varðaði bókhald og fjármál hefði verið í höndum Ásrúnar Jóhannsdóttur. Er borin var undir ákærða fyrrnefnd tilkynning til hlutafélagskrár, dagsett 4. ágúst 2004, um breytingar á stjórn félagsins, þar sem kom fram að hann tæki sæti í stjórn og yrði jafnframt framkvæmdastjóri félagsins, sagði ákærði að félagið hefði verið að hætta á þessum tíma og hefði hann tekið þetta að sér að beiðni Gitönu Ziliuté þar sem enginn annar fékkst til þess. Aðspurður sagðist ákærði hafa beðið Ásrúnu Jóhannsdóttur um að koma bókhaldinu í lag og borgað henni fyrir það, en hún hefði hins vegar ekki lokið því verki. Sagði ákærði það rangt, sem kom fram hjá Ásrúnu við skýrslutöku hjá lögreglu, að ákærði hefði aldrei komið bókhaldinu til hennar og staðhæfði að hún hefði haft það undir höndum.

Ákærði sagðist ekki vita hverjir hefðu verið eigendur Perlunnar ehf. árið 2004.

Borin var undir ákærða fyrrnefnd tilkynning til hlutafélagaskrár þar sem kom fram að Ásrún Jóhannsdóttir hefði keypt félagið. Sagðist ákærði ekki vita hvort hún hefði verið eini eigandi félagsins uns það var úrskurðað gjaldþrota. Spurður um það hvernig þau Gitana hefðu komið að félaginu ítrekaði ákærði að hann hefði aðeins séð um rafmagnið.

Vitnið Ásrún Jóhannsdóttir sagði störf sín fyrir Perluna ehf. hafa falist í því að hún hefði skráð bókhald og haldið utan um skuldir og gjöld. Hún hefði innt þessi verk af hendi sem starfsmaður félagsins. Hún hefði skráð bókhald eftir þeim gögnum sem hún hafði undir höndum, tekið saman skattskýrslur og lagt þær inn til skattstjóra. Hún hefði ekki starfað hjá félaginu árið 2004.

Vitnið neitaði því alfarið að hafa átt hlutabréf í félaginu og sagðist aldrei hafa keypt félagið. Hún lýsti aðdraganda fyrrnefnds samnings um kaup hennar á öllu hlutafé þannig að ákærða Eysteini Gunnari hefði staðið til boða að kaupa fyrirtækið. Hann hefði verið staddur erlendis þegar kaupin hefðu átt að ganga í gegn. Það hefði því orðið úr að hún hefði verið skráð kaupandi að hans beiðni. Eysteinn Gunnar hefði verið hinn raunverulegi kaupandi. Nánar aðspurð hvers vegna hún hefði ekki gert þetta í umboði Eysteins sagðist hún ekki vita það. Hefði hún gert þetta af greiðasemi við Eystein Gunnar.

Vitnið sagði Eystein Gunnar hafa verið stjórnanda Perlunnar ehf. Hann hefði tekið allar ákvarðanir, svo sem um greiðslu skatta á því tímabili sem hún starfaði hjá félaginu. Hefði hann haft samband við hana í apríl 2004 og beðið hana um að koma bókhaldi félagsins í lag. Hún hefði sagst þurfa að fá þau gögn sem til þyrfti, en ekkert hefði orðið af því. Hún hefði ekkert fengið greitt fyrir þetta. Hins vegar hefði hún fengið greiðslu um þetta leyti vegna einhvers sem hún átti inni hjá fyrirtækinu.

Vitnið sagðist aldrei hafa séð fyrrnefnda tilkynningu til hlutafélagaskrár, dagsetta 21. janúar 2004, þar sem kom fram að Hlöðver Ólafsson og Gitana Ziliuté hefðu verið skipuð í stjórn félagsins og jafnframt ákveðið að Hlöðver yrði framkvæmdastjóri félagsins. Sagðist hún ekki vita hvaða störfum Hlöðver hefði gegnt hjá félaginu.

Nánar spurð um kaup á Perlunni ehf. sagðist vitnið hafa afsalað sér öllu hlutafé bæði munnlega og skriflega. Hefði skrifleg yfirlýsing þar um verið unnin af endurskoðanda og átt að leggja hana inn til fyrirtækjaskrár. Hún hefði hins vegar ekki fylgt því eftir að það væri gert. Sagðist hún ekki hafa setið hluthafafund sem haldinn hefði verið 20. janúar 2004 og hefði hún ekki verið boðuð til fundarins.

Vitnið Gitana Guðmundsdóttir sagðist hafa unnið hjá Perlunni ehf. og hefði starf hennar falist í því að annast pantanir á byggingarefni og –vörum frá Litháen. Spurð um tilkynninguna til hlutafélagaskrár frá 21. janúar 2004 sagðist hún ekki muna eftir að hafa setið hluthafafund svo sem þar kæmi fram. Hún hefði ekki verið hluthafi í félaginu. Ásrún Jóhannsdóttir hefði verið eigandi félagsins.

Niðurstaða

Ákærðu neita sök og segjast ekki hafa komið að stjórn Perlunnar ehf. Samkvæmt því sem að framan er rakið var ákærði Eysteinn Gunnar skráður sem varamaður í stjórn félagsins 4. nóvember 2002 til 21. janúar 2004 og sem stjórnarmaður frá 27. ágúst 2004. Við skýrslutöku hjá lögreglu 7. desember 2007 bar ákærði Eysteinn Gunnar að hann hefði í raun tekið við sem framkvæmdastjóri félagsins í apríl 2004. Ásrún Jóhannsdóttir og ákærði Hlöðver báru að ákærði hefði verið raunverulegur eigandi og stjórnandi félagsins. Sagði Ásrún að undirritun hennar undir kaupsamning um allt hlutafé félagsins hefði verið til málamynda. Með hliðsjón af framburði Ásrúnar Jóhannsdóttur og ákærða Hlöðvers, sem að hluta til fær stoð í skýrslu ákærða Eysteins Gunnars hjá lögreglu, þykir ótvírætt sannað að ákærði Eysteinn Gunnar hafi verið daglegur stjórnandi, eigandi og fyrirsvarsmaður félagsins svo sem í ákæru greinir. Bar hann sem slíkur ábyrgð á starfsemi félagsins,

sbr. 44. gr. laga um einkahlutafélög.

Þótt niðurstaða dómsins sé sú að ákærði hafi verið raunverulegur eigandi Perlunnar ehf. breytir það því ekki að Ásrún Jóhannsdóttir var skráð fyrir öllu hlutafé félagsins. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár var haldinn hluthafafundur hjá félaginu þann 20. janúar 2004 þar sem samþykkt var að Hlökkver Ólafsson og Gítana Ziliuté skyldu skipa stjórn félagsins og jafnframt ákveðið að Hlökkver yrði framkvæmdastjóri þess. Fram er komið að Ásrún Jóhannsdóttir, sem formlega séð var eini hluthafi félagsins, sat ekki fundinn. Var því ekki um löglegan hluthafafund að ræða, sbr. X. kafla laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Ákvarðanir sem teknar voru um breytingar á stjórn félagsins á fundinum voru því ólögmetar. Var ákvörðun um ráðningu ákærða Hlökkvers sem framkvæmdastjóra því marklaus, sem og eftirfarandi skráning samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár. Bar ákærði Hlökkver því ekki ábyrgð stöðu sinnar vegna á brotum sem framin voru í starfsemi Perlunnar ehf. og verður hann sýknaður af ákæru.

Ákærði Eysteinn Gunnar hefur ekki borið brigður á að þau brot sem í ákæru greinir hafi verið framin við rekstur Perlunnar ehf. Af hálfu verjanda hefur því þó verið haldið fram í greinargerð að sölureikningar hafi ekki greiðst að öllu leyti og beri að reikna ógreidda reikninga til frádráttar tekjum og innskatti. Þá sé augljóst að möguleg rekstrargjöld og mögulegur innskattur séu vantalin, enda hafi aðeins takmarkaðar upplýsingar legið fyrir í því efni. Af hálfu ákærða hefur ekki verið vísað á tiltekin viðskipti eða sölureikninga í þessu sambandi. Þá hefur ekki verið bent á nein gögn því til stuðnings að möguleg gjöld og mögulegur innskattur hafi verið vantalin. Verður mótbárum ákærða á þessum grundvelli hafnað, enda órökstuddar með öllu. Samkvæmt því, og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, telst sannað að þau brot sem rakin eru í ákæru hafi verið framin í rekstri Perlunnar ehf. Hefur ákærði samkvæmt framansögðu gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði Eysteinn Gunnar Guðmundsson er sakfelldur fyrir mörg brot og nemur brotaandlag verulegum fjárhæðum. Samkvæmt sakavottorði var ákærði þann 28. nóvember 2002 dæmdur í Hæstarétti til að greiða 300.000 króna sekt fyrir brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Þann 21. september 2006 var ákærði svo í Hæstarétti dæmdur til að greiða 500.000 króna sekt fyrir sams konar brot. Þann 26. mars 2009 var ákærði í Hæstarétti dæmdur til að sæta 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir skilasvik, en þar var um hegningarauka að ræða. Þann 28. maí 2009 var ákærði svo dæmdur af þýskum dómstól til greiðslu sektar vegna ölvunaraksturs. Refsing ákærða fyrir þau brot sem hann er nú sakfelldur fyrir telst hegningarauki við þrjá síðastnefnda refsíðoma. Með hliðsjón af 60. gr., sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, verður skilorðsdómurinn frá 26. mars 2009 tekinn upp og ákærða dæmd refsing í einu lagi fyrir bæði málin. Ákærði hefur sýnt af sér einbeittan brotavilja, en samkvæmt því sem rakið hefur verið var hann raunverulegur eigandi og stjórnandi allra þeirra félaga sem í hlut eiga, en fékk aðra til að taka að sér eignarhald og framkvæmdastjórn til málamynda. Hann er í máli þessu sakfelldur fyrir stórfelld skatta- og bókhaldsbrot vegna reksturs þriggja einkahlutafélaga og er eðli brotastarfseminnar hið sama í öllum tilvikum. Verður að

telja að um sé að ræða kerfisbundin skattsvik þar sem bókhaldsgögn ýmist hverfa eða bókhaldi er verulega ábótavant. Verður þetta virt ákærða til refsipýngingar, sbr. og 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því, og með vísan til framanskráðs, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Ekki er ástæða til að skilorðsbinda refsinguna.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt varða brot gegn ákvæðunum sekt, sem skal aldrei vera lægri en nemur tvöfaldri fjárhæð vanskilanna og ekki hærri en tíufaldri fjárhæðinni. Brot ákærða var stórfellt og því ekki fært að mati dómsins að miða við fésektarlágmark samkvæmt framangreindum ákvæðum, heldur verður miðað við þrefalda fjárhæð vanskila. Verður ákærði samkvæmt þessu dæmdur til að greiða 93.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 6 mánuði.

Við ákvörðun refsingar ákærða Stefáns Arnar Stefánssonar verður litið til þess að ákærði hefur aldrei gerst sekur um refsiverða háttsemi svo vitað sé. Jafnframt verður litið til þess að ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir mörg brot, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga og brotaandlag nemur verulegum fjárhæðum. Ákærði hefur borið að ráðning hans í stöðu framkvæmdastjóra hafi verið til málamynda og hefur þeim framburði ekki verið hnekkð að mati dómsins. Þótt þetta atriði leysi ákærða ekki undan refsingu þykir mega horfa til þess til mildunar refsingar hans að hann var ekki raunverulegur stjórnandi félagsins. Refsing ákærða er ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 2. mgr. 109. gr. laga um tekjuskatt verður ákærða jafnframt gerð sektarrefsing, sem ákveðin verður með hliðsjón af refsilágmarki svo að nemi tvöfaldri vanskilafjárhæð. Verður ákærði dæmdur til að greiða 34.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Eysteinn Gunnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Einars Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi, 1.319.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 20.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar verjanda við öflun læknisvottorðs.

Ákærði Stefán Örn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal héraðsdómslögmanns, 1.002.225 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar, 76.176 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Hlöðvers Ólafssonar, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 311.250 krónur, og þóknun verjanda ákærða á rannsóknarstigi og við dómsmeðferð, Jóns Einars Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, 323.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Er þóknun verjanda í báðum tilvikum ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti.

Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Eysteinn Gunnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði, Stefán Örn Stefánsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Hlökkver Ólafsson, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði, Eysteinn Gunnar, greiði 93.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði, Stefán Örn, greiði 34.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði, Eysteinn Gunnar, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Einars Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, 1.319.700 krónur, og 20.000 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Stefán Örn, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal héraðsdómslögmanns, 1.002.225 krónur, auk aksturskostnaðar, 76.176 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Hlökkvers Ólafssonar, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 311.250 krónur, og þóknun verjanda ákærða á rannsóknarstigi og við dómsmeðferð, Jóns Einars Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, 323.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Harðardóttir